

Vinnufundur vegna umhverfisstefnu Vesturbyggðar

Til : Bæjarstjóri Vesturbyggð <baejarstjori@vesturbyggd.is>
Frá : Freyja Ragnarsdóttir Pedersen <freyja@vesturbyggd.is>
Heiti : Vinnufundur vegna umhverfisstefnu Vesturbyggðar
Málsnúmer : 2410100
Málsaðili : Vesturbyggð
Skráð dags : 06.01.2025 23:28:16
Höfundur : Freyja Ragnarsdóttir Pedersen <freyja@vesturbyggd.is>

Sæl Gerður,

Á 13. fundi bæjarráðs, þann 12. nóv. 2024 var samþykkt tillaga frá Umhverfis- og loftslagsráði um að UogL/ UMLOFT (ný stytting? ??) hefji vinnu við gerð umhverfisstefnu fyrir Vesturbyggð.

Ég held að það sé skynsamlegt og nauðsynlegt að þessi vinna verði að hluta til unnin á vinnufundum milli nefndarfunda. Fyrir þessa fundi væri þá greitt aukalega og ég legg til að það verði gert með því að ráðið tilnefni 3 aðila úr hópi nefndarmanna sem vinna áfram að verkefninu milli funda í stað þess að allir nefndarmenn séu í þessu. Það myndi bæði draga úr kostnaði og tryggja að allir innan þessa vinnuhóps haldi vel á spöðunum.

Ef þú er sammála mér um þetta, getur þú þá samþykkt að vinnan verði með þessum hætti eða þarf að leggja það sérstaklega fyrir bæjarráð?

Ég myndi vilja ræða við Lilju um fjölda funda sem þörf væri á en ég geri lauslega ráð fyrir því að til að byrja með þyrfti 4-5 fundi. Þá værum við vonandi komin vel afstað með verkefnið.

Bestu kveðjur,

Freyja Ragnarsdóttir Pedersen

Formaður Umhverfis- og loftslagsráðs

[Vesturbyggð](#)

8691107 | [Fyrirvari um tölvupóstinn](#)